

Bekkjarnámskrá fyrir 2-3. bekk skólaárið 2023-2024

Íslenska

Kennsla í íslensku fer fram í þremum lotum, ein á haustönn og tveim á vorönn, fjórar vikur í senn. Dæmisögur og dýrðlinga sögur eru kennsluefni í íslenskulotum 2.-3. bekkjar og unnið er með sögurnar með fjölbreytta kennsluhætti að leiðarljósi.

Haustönn 2023

Upprifjun og litlu stafir	Lotan mun byrja á að endurtaka stafinar sem kenndir voru í fyrra, koma þeim í röð og læra stafrófið. Seinni part lotunnar kynnumst við svo litlum bókstöfum og mun það svo vera áfram stóra viðfangsefnið ársins.
Tímabil 30.10 - 24.11	Eins og í fyrra erum við ennþá að fara leiðina frá myndum til ritunarinnar til lestrarins en núna meira tengt ljóðum og sögu efni ársins (dæmisögur og dýrðlingasögur). Það verða skrifaðar stuttar sögur og lengri ljóð. Einnig æfum við sundurgreiningu orða, að kannast við orðamynd, að skrifa ákveðin orð utan að á töflunni, að leita að möguleikum til að skipta út bókstöfum eða hljóðum í orðum.

Vorönn 2024

Skrift og lestur dýrðlingarsagna undirbúningur leikrit	Viðfangsefni lotunnar verða dýrðlingasögur, teikna, skrifa og lesa út frá þeim, myndskreyta lotubók. æfa að endursegja sögu með eigin orðum, búa til texta og æfa lestur.
Tímabil 08.01 - 02.02	Læra texta utan að leikrit. Farið verður með texta aðallega saman í kór en nemendur fá rými til að fara ein með texta.
Lestur	Unnið verður áfram með sögurnar og ævintýrin, nemendur fá æfingu í að skrifa og lesa bæði í skólanum og heima.
Tímabil 04.03 – 22.03	

Stærðfræði

Kennsla í stærðfræði fer fram í fjórum lotum, tveim á haustönn og tveim á vorönn, 3 - 4 vikur í senn.

Haustönn 2023

Upprifjun arabískir tölustafir Samlagning Frádráttur	Reikningsaðferðir samlagning, frádráttur, margföldun, deiling
Innlegg Margföldun Deiling	Nemendur rifja upp samlagningu og frádrátt og kynnast margföldun og deilingu. Aðferðirnar eru æfðar með fjölbreyttum hætti, í gegnum líkamann með reglubundnum takthreyfingum, með ýmsum áþreifanlegum hlutum svo sem steinum, fræjum og baunum. Allar æfingarnar gera reikning lifandi fyrir nemendur sem í framhaldi leysa skrifleg reikningsdæmi.
Tímabil 02.10 – 20.10	Hugareikningur Hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur 1 - 10 - 100, áfram og afturábak • litla samlagningartaflan • litla frádráttartaflan • margföldunartafla 1x og 2x • deilingartafla - að deila með 2
27.11 – 20.12	

Vorönn 2024

Tugakerfi Sléttar /oddatölur Talnaryni upp í 1000	Á vorönn kynast nemendur tugakerfinu og halda áfram með margföldun og deilingu. <ul style="list-style-type: none">• kynast tugakerfi• tölur upp í 100 skriflega• samlagning yfir 10• sléttar og odda tölur• æfa áfram margföldunartölur
Tímabil 05.02 – 01.03	Hugareikningur Hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur, áfram og afturábak Talnaþulur - 1 og upp að 100 og afturábak, telja einingar upp að hundrað og afturábak, telja tugi upp að hundrað og afturábak.
Margföldun / Deiling Tímabil 08.04 – 03.05	<ul style="list-style-type: none">• æfa að teikna og skrifa margföldun og deilingu• æfa margföldunartölur upp í 10• æfa hreyfanleika í tölunum

Formteikning

Haustönn 2023

Tímabil 21.08 -15.09 29.11. - 17.12	Formfræðiæfingar samþættar skrift, stærðfræði og formfræði <ul style="list-style-type: none">• Athygli á samhverf form í náttúrunni• Endurtekning og eftirhermun• Spegln• Fínhreyfingar• Teikning• Tengiskrift
--	---

Vorönn 2024

Tímabil 06.05 – 07.06	Formfræðiæfingar samþættar við skrift, stærðfræði og formfræði <ul style="list-style-type: none">• Athygli á samhverf form í náttúrunni• Endurtekning og eftirhermun• Spegln• Fínhreyfingar• Teikning• Tengiskrift
-----------------------------	---

Erlend tungumál

Samþætt við öll fög	Erlend tungumál eru samþætt við flest fög. Vísur og rímur eru sungnar við tækifæri. Áhersla er lögð á ensku, sænsku og dönsku. Nemendur læra að bjóða góðan dag, að telja og segja ýmis einföld samskiptaorð. Barnaleikir svo sem söngleikir, hópleikir, snúsnú og aðrir leikir þar sem talað mál er haft við leik eru samþættir við hreyfingu og talmál.
------------------------	---

Leiklist

Vorönn

Páskaleikrit Tímabil 04.03 – 22.03	Nemendur setja upp leikrit sem er samþætt við íslenskukennslu. Kennari aðstoðar nemendur við handritasmíð. Nemendur taka þátt í persónusköpun og koma með hugmyndir að sviðsmynd og búningum. Leikritið er sýnt á sviði fyrir framan nemendur, foreldra og aðstandendur.
---	--

Bothmar-leikfimi

Tímabil 08.04-03.05	<p>Hljá og hreyfiflæði gerir barninu kleift að halda léttleiki og hugmyndaflugi.</p> <p>Fyrsta Bothmer æfing hefst með “ Hringleikum”: kennarin miðlar hreyfingu í töluðum kór með börnunum, með táknrænum myndum og sterkum takti.</p> <p>Sameiginlegur leik hefur hugmyndaríkar myndir úr sögum og ævintýrum með myndefni hins töfra/frelsaða.</p> <p>Að “sleppa” styrkir tilfinningu fyrir takti og samfelagi.</p> <p>Boltaleikir styrkja færni einstaklingsins þar sem mikilvægt er að börn læri að höndla boltann með höndunum.</p> <p>Í íþróttasalanum verða til ævintýralandslag þar sem verkfærin verða nátturulegar hindranir í spennandi samhengi.</p> <p>Landslagið sjálf hvetur til mismunandi leiða til að komast áfram: hlaupa, hoppa, halda jafnvægi, skriða, rulla, sveifla og klifra.</p> <p>Það mikilvægasta er ekki HVERNIG þú kemst þangað, heldur AÐ þú reynir að yfirstíga hindranirnar á þinn hátt. Sjálfstrausti styrkist.</p> <p>Lykil orð: HLÝJA - ÁHUGI - ÍMYNDUNARAFL - GLEÐI</p>
------------------------	---

Textílmennt

Haustönn 2023

Tímabil 04.09. - 15.09	<p><u>3.bekkur</u></p> <p>Nemendur rifja upp þrjónaskap. Verkefni skólaársins er að ná tókum á þrjóni. Fyrst verður töfrahnúturinn kynntur. Þegar nemendur hafa öðlast góða færni í að gera hnútinn læra þeir að gera loftlykkjur. Þrjónaður verður álfur eða dvergur. AÐ þrjóna og hekla styður við rithönd barnsins.</p>
Tímabil 21.08. - 01.09	<p><u>2.bekkur</u></p> <p>Í vetur læra nemendur að fytja upp fyrir þrjón. Þegar komin er ágætis færni í að fytja upp byrja nemendur að garðaprjóna. Þrjónaður er dregill sem er ca 10 lykkjur á breidd og ca 36 umferðir. Þrjónaálfurinn mætir eftir að nemendur eru farnir úr skólanum og saumar saman renninginn þannig úr verður hinn snotrasti dvergur.</p>

Smíði

Haustönn 2023

Tímabil 23.08. - 10.09 (2. Bekkur)	Nemendur læra á mismunandi trjátegundir og tálga álfa.
Tímabil 18.04. - 13.05 (3. Bekkur)	

Tónlist

Tímabil 27.11-20.12	Nemendur spila frjálst á ýmis hljóðfæri. Nemendur læra að hlusta og njóta tónlistar. Klapp og stapp notað til að finna hrynjanda í tónlist. Nemendur æfa sig að vera í takti við tónlist og samhæfa útlími við hreyfingu hrynjanda lags. Nemendur læra söngva tengt hátíðum skólaársins og einfalda röddun
------------------------	--

Málun

Málun verður í tengslum við íslenskulotu, þemu og hátíðir. Ekki eiginleg málunarlota verður þetta árið.	Nemendur kynnast töfraheimi vatnslitunar og læra að njóta fagurfræði litanna. Nemendur mála blautt í blautt frjáls form og eftir frásögn kennarans. Dýrlingasögur og dæmisögur eru viðfangsefni myndanna. Nemendur kynnast hreyfingu vatnslitanna og virkni þeirra <ul style="list-style-type: none">• Ljósir og dökkir litir• Veikir og sterkir litir• Kaldir og heitir litir• andstæðu litir
---	---

Átthagafræði

Allt skólaárið 1x20mín	Á hverjum mánudegi eru farnar tveggja til þriggja tíma nestisferðir í umhverfi skólans.
Allt skólaárið á mánudögum	Hólar og dalir, hraun og lækir, melar og móar og skóglendi er skoðað. Gengið er á Eldfjall þar sem kletturinn Kista er skoðuð. Nemendur læra um áttirnar og helstu nöfn og hugtök fyrir fyrirbærum náttúrunnar sem þau upplifa. Nemendur læra að þekkja plöntur og dýr í umhverfi sínu. Nemendur upplifa á eigin skinni breytingu árstíðanna. Á haustmánuðum eru ber tínd og tekið með heim til te- og sultugerðar.
Tímabil 10.05-28.05	Nemendur teikna myndir af upplifum sínum og skrifa orð og stutta skýringatexta í námsbækur.
Garðyrkja Skólaferðalag	Nemendur undirbúa jarðveg og setja niður útsæði. Nemendur sá fyrir ýmsum matjurtum svo sem rófum, gulrótum, sellerí og kryddjurtum. Farið er í skólaferðalag að Skaftholti í Gnúpverjahreppi en þar er ástunduð lífræn ræktun (e.biodynamic farming). Í Skaftholti er starfrækt sambýli einstaklinga með þroskahömlun. Nemendur kynnast lífrænni ræktun og samfélaginu í Skaftholti. Nemendur fá tækifæri á að taka þátt í daglegum störfum á bænum. Nemendur dvelja í sumarhúsi og sjá um eldamennsku og þrif á meðan gist er.

Umhverfismennt

Haustönn

Garðyrkja Haustuppskera í skólagarði	Nemendur taka þátt í uppskeru Nemendur þvo og skera niður grænmeti Nemendur aðstoða við eldamennsku á grænmeti og undirbúa uppskeruveislu drekaleiksins á Mikjálsmessu í október.
Tímabil 21.08 - 17.09	Nemendur undirbúa jarðveg fyrir veturinn. Nemendur kynnst frumkröftunum sem dvelja í garðinum, vindinn, sólina, jörðina og vatnið. Nemendur færa fuglum vatn og þakka smádýrum svo sem ánamöðkum og pöddum fyrir góða vinnu.

Vorönn

Tímabil. 21.05 - 07.06	Nemendur undirbúa jarðveg og matjurtagarð fyrir sáningu. Nemendur bera í garðinn ýmsan húsdýraáburð og stinga upp beð. Nemendur sá, gróðursetja og fylgjast með vexti grænmetis og kryddjurta.
---------------------------	--

Hreyfing

Frjáls leikur Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	Nemendur taka þátt í stýrðum leik ásamt því að leika við aðra bekki og kennara þar sem leikreglur ríkja bæði í frjálsum leik í deginum sem og í frístund eftir hádegi. Nemendur vinna úr efnivið dagsins og búa sér til ævintýraheim þar sem frelsi sköpunar fær að blómstra.
Leikir	

Lífsleikni

Sambætti við átthagafræði og leiklist	Sjá Átthagafræði og Leiklist
Furudalsvika 05.10-09.10	Lífsleiknivika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.

Heimildaskrá:

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af .

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af

<https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af

<http://www.uppsawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>